

## GJALDSKRÁ

vegna hreinsunar taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli  
í Garðabæ fyrir árið 1993.

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald árið 1993.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 50 000 á hvert hesthús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðarbæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, með vísan til 4. gr. samþykktar nr. 439/1991 um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

*Umhverfissráðuneytið, 6. janúar 1993.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1993.**

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. janúar 1993 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd 4,35 kr.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki 2,18 kr.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 222 kr., né hærri gjald en 12 776 kr.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera 880 kr.

*Fjármálaráðuneytið, 7. janúar 1993.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Jón H. Steingrímsson.*